Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVIII. árgangur. 5. hefti. 1998

Mánudaginn 9. nóvember 1998.

Nr. 444/1998. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Óskari Þór Gunnlaugssyni
(Pétur Örn Sverrisson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 16. desember nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar á úrskurði héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 1998.

Ár 1998, miðvikudag 4. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess, að Óskari Þór Gunnlaugssyni, kt. 180676-3179, til heimilis í Bankastræti 14 hér í borg, verði áfram gert að sæta gæsluvarðhaldi, sem hann hefur sætt til þessa, uns dómur gengur í málum hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 16. desember 1998 kl. 16.00.

Málavextir eru þeir, að kærði sætti gæsluvarðhaldi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 20. september sl. Ástæða kröfunnar var grunur um, að kærði hefði framið fjölda innbrota og þjófnaða auk annarra brota. Síðustu mánuði hefur lögreglan þurft að hafa afskipti af kærða vegna ýmislegra brota. Hann var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur 2. júlí sl. í tveggja ára fangelsi fyrir innflutning og vörslu fíkniefna svo og þjófnaði. Hann hefur nú áfrýjað þessum dómi til Hæstaréttar, og hefur verið gefin út áfrýjunarstefna á hendur honum. Þrátt fyrir þennan dóm hefur hann haldið áfram afbrotum og hefur játað á sig tíu refsilagabrot, aðallega þjófnaðarbrot, en auk þess er hann grunaður um tvo innbrotsþjófnaði og fölsun og notkun lyfseðils. Hann hefur viðurkennt, að hann noti fíkniefni daglega og fjármagni þessa fíkn sína með afbrotum.

Það er skoðun dómsins, að búast megi við, að kærði muni, fái hann að ganga laus, halda áfram brotum, meðan málum hans er ekki lokið, og sé því nauðsynlegt og rétt samkvæmt c-lið 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 að taka til greina kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um það, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í málum hans, þó ekki lengur en til miðvikudags 16. desember 1998 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Óskar Þór Gunnlaugsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 16. desember 1998 kl. 16.00.